




# Svalbarðsströnd - framtíðarsýn

Fundur um sameiningarmál sveitarfélaga 15. febrúar 2020  
– framtíðarsýn svæðisins



**Skýrsla stýrihóps:**  
Starri Heiðmarsson  
Svala Einarsdóttir  
Halldór Arinbjarnarson

# Inngangur

Laugardaginn 15. febrúar kl. 9:45 kallaði sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps aftur saman Framtíðarnefnd, en þá nefnd skipa allir þeir íbúar sveitarfélagsins sem mæta á fundinn. Markmið nefndarstarfa að þessi sinni var að fjalla um sameiningarmál sveitarfélaga, ræða málin vítt og breitt, kanna ýmsa möguleika og spyrja spurninga. Markmiðið var ekki að mæla með hvort sameinast eigi m.v. tiltekna valkosti heldur kanna og kynna hugmyndir, jafnt tölulegar sem huglægar, og meta kosti og galla hinna ýmsu valkosta. Á fundinn mættu 32 manns.

Fundurinn hafði verið auglýstur með dreifibréfi, á vefsíðu sveitarfélagsins og víðar. Í auglýsingu var vísað á að ýmis gögn er tengjast sameiningarmálum höfðu verið sett á vefsíðu sveitarfélagsins á slóðinni [www.svalbarðsströnd.is](http://www.svalbarðsströnd.is) / framtíðarnefnd - íbúafundur.

Fundurinn hófst með kynningu frá Valtý Hreiðarssyni, fulltrúa sveitarstjórnar, en að því loknu gaf hann boltann til Sigurðar Steingrímssonar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem tekið hafði að sér að stýra umræðum. Hann skipti nefndarmönnum í 3 vinnuhópa. Hópstjórar voru Starri Heiðmarsson, Svala Einarsdóttir og Halldór Arinbjarnarson, sem tekið höfðu að sér að stýra umræðum hvers hóps og skrá niður hugmyndir. Þau mynda jafnframt stýrihóp verkefnisins. Að umræðum loknum settust umræðustjóri og hópstjórar niður og drógu saman þau atriði sem fram höfðu komið í hverjum hópi. Á meðan gæddu fundargestur sé á ljúffengum veitingum kvenfélagsins. Í lokin var svo sameiginlegur fundur þar sem helstu niðurstöður voru kynntar.

Hópstjórar tóku þau gögn sem urðu til á fundinum og unnu frekar í það skjal sem hér er að finna. Því er skipt í sömu 6 efnisatriði/kafla og voru í þeim vinnugögnum sem fundarfólk hafði til hliðsjónar í vinnuhópunum.

Svalbarðsströnd 18. febrúar 2020

Starri Heiðmarsson

Svala Einarsdóttir

Halldór Arinbjarnarson

# Ávinningur sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð almennt - Ávinningur fyrir einstök sveitarfélög

Fyrsti umræðupunkturinn bauð uppá frekar opnar umræður og kom það bersýnilega í ljós. Þátttakendur lýstu þannig bæði almennum ávinningi af sameiningu sem gæti skilað hagkvæmari en um leið skilvirkari stjórnsýslu en um leið komu fram ýmsar raddir sem vörðu við sameiningum sem ekki tækju tillit til staðhátta. Einnig var litið til þjónustu sveitarfélaganna og bent á að þjónusta gæti batnað við sameiningu, val um skóla yrði auðveldara en um leið einnig varað við að jaðarbyggðir gætu orðið útundan. Bentu þátttakendur á að ávinningur ólíkra sveitarfélaga gæti verið misjafn af sameiningu, allt eftir eðli sveitarfélaganna og staðhátum á hverjum stað. Hér að neðan má sjá þá punkta sem hópstjórar skráðu niður meðan á umræðunum stóð.

- Æskilegt að kjósa og sameina, tímaskekkja að vera sér. Komum alltaf til með að fá meira
- Horfum á tölur, 483 íbúar, dýrt að reka litlar einingar
- Reynsla annarra ekki alltaf jákvæð, sbr. Norðurþing. Jaðarbyggðir gleymdust. Enn slæmt ástand. Verið að loka stoðþjónustu f. íbúa. Dæmi um slæma framkvæmd
- Sameining þarf að vera vel ígrunduð. Taka mið af staðhátum
- Er betra eða verra að sameinast landmiklum sveitarfélögum. Getur verið dýrt að vera í landmiklu sveitarfélagi, ss. snjómokstur?
- Húnaþing vestra tókst vel. Ástæða er einn byggðakjarni - ekki togstreita
- Ríkið vill koma verkefnum til sveitarfélaga og er þess vegna að pressa á sameiningu
- Búa til sterkan kjarna til mótvægis við höfuðborgina, sem valkostur. Þurfum við að vera sameinuð í einu sveitarfélagi til þess? Ekki reynslan í Norðurþingi
- Til hvers er verið að sameinast? Til að auka þjónustu. Hagræðing hefur verið áhersluatriðið. Er það málið?
- Þjónustustig gæti batnað, félagsleg þjónusta og öldrunarþjónusta
- Almenningsamgöngur
- Akureyri fær landssvæði ef þeir sameinast öðrum
- Ódýrara rekstrarlega. Samt spurning?
- Sterkari raddir fyrir uppbyggingu innviða, raforku, frárennslismál og heitaveitu á svæðinu
- Einfaldara að flytja börn á milli skóla í sameinuðu sveitarfélagi ef þau eiga erfitt á einum stað

# Áherslupættir Svalbarðsstrandarhrepps í sameiningarviðræðum

Hér var áberandi að skólamál höfðu mest vægi í hugum flestra og var það tiltekið í öllum þremur umræðuhópunum að mikilvægt væri að halda skólastarfi á Svalbarðseyri, bæði leik- og grunnskóla. Var uppbygging nýja hverfisins á Svalbarðseyrði nefnt sem mikilvægasti þátturinn við að stuðla að fólksfjölgun og þar með fleiri börnum. Fleira var nefnt, t.d. voru tillögur um uppbyggingu sem myndi tryggja sjálfbærni ólíkra þátta í sveitarfélaginu eins og t.d. að tengja skólann og leikskólann með tengibyggingu sem myndi þá hýsa skrifstofur sveitarfélagsins en einnig gera mögulegt að hafa einn matsal fyrir bæði skólastig en líka auðvelda tómstundastarf í samfélaginu, hvort sem um væri að ræða fyrir aldraða eða aðra hópa. Aðrar hugmyndir voru m.a. uppbygging iðnaðarsvæðis, uppbygging sundlaugarinnar og að halda fram Vaðlaheiðinni sem útivistarparadís, fyrir Akureyri í þessu tilfalli, og því nauðsyn á að tengjast Akureyri með hjóla-/göngustíg. Allar hugmyndir sem skráðar voru í hópunum þremur má sjá hér að neðan:

- Skólinn og leikskólinn -halda því. Hjarta samfélagsins
- Besta leiðin til að halda því er að fjölga íbúum, byggja upp hverfið. Auknar líkur þegar frágangur er að verða betri og góð mynd kemst á svæðið
- Lækka lóðarverð - hvað má gera í þeim efnum?
- Er eins möguleiki að börn verði keyrð hingað frá Akureyri? Hvaða reglur gilda um val á skóla - hversu frjálst er það?
- Möguleiki á að fá auðveldara aðgengi að tómstundum barna inn á Ak - bíll sem sækir börn
- Betri almenningsamgöngur - strætó til Ak
- Leggja áherslu á atvinnumál. Kjarnafæði, skiptir miklu að halda því. Búa til meiri atvinnu út frá því - minni iðnaður. Úrvinnsla úr því sem í dag er hent, sbr. það sem gert er á Siglufirði. Smyrsl
- Skipulagsmál og áframhaldandi uppbygging
- Byggja við skólann þannig að allt sé undir einu þaki - skóli, leikskóli, sveitarstjórnarskrifstofur, bókasafn, félagsaðstaða eldri borgara
- Útivistarparadís sem tengist Ak, með göngu- og hjólastíg
- Byggja upp sundlaugarsvæðið
- Styrka- og byggja upp iðnaðarsvæði

## Styrkleikar Svalbarðsstrandar

Þegar þátttakendur voru beðnir að nefna styrkleika sveitarfélagsins og hvað það hefði að bjóða öðrum í sameiningarviðræðum komu fram þættir eins góður leik- og grunnskóli, sem markað hefði sér sérstöðu með mikilli útikennslu, og leikskóli sem þar að auki hefði ekki verið fullsetinn síðustu misseri. Einnig nefndu þátttakendur landrými fyrir byggingar íbúðarhúsnæðis, þegar skipulagt íbúðasvæði og tiltóku einnig kosti þess að búa í litlu samfélagi, nokkurs konar “sveit í borg”. Nálægð við náttúruna var sömuleiðis tiltekin. Landbúnaður og Kjarnafæði var einnig nefnt til sögunnar sem og Safnasafnið. Fleiri punkta sem tilteknir voru eru hér að neðan:

- Nálægð við Ak bæði kostur og galli
- Erum sólarmegin í lífinu
- Eigum tilbúna lóðir
- Rými í grunnskólanum og lítil bið eftir leikskólaplássi
- Góðir skólar, möguleiki að byggja upp skóla sem markar sér sérstöðu. Er það e.t.v. lykilatriði varðandi sameiningu til að halda skólanum. Höfum dæmi um skóla sem hafa sérstöðu.
- Góður skóli og leikskóli, ungbarnadeild við leikskólann og hádegismatur í boði. Sterk útikennsla og góð samvinna skólastiga.
- Landfræðilega lítið og er viss kostur
- Nálægð við náttúruna
- Landssvæði á lausu
- Sundlaugin
- Fámennið og nándin
- Íbúarnir
- Hafnarsvæðið er gott
- Sterkt fyrirtæki - Kjarnafæði
- Iðnaður og atvinnutækifæri
- Erum ekki lengur við Þjóðveg 1
- Bær í sveit, afslappað umhverfi, Skólavarðan
- Safnasafnið og landbúnaður

## Veikleikar á Svalbarðsströnd

Þegar veikleikar sveitarfélagsins voru ræddir má segja að margir hafi nefnt atriði sem erfitt er að bæta sakir fólksfæðar. Þannig er yfirvofandi mikill kostnaður við að koma frárennsli í þéttbýlinu á Svalbarðseyri í þolanlegt horf og ljóst að slíkt er erfiður bitur fyrir lítið sveitarfélag. Einnig nefndu þátttakendur hluti eins og félags- og öldrunarþjónustu sem veikleika og það að íþróttapátttaka barna fer að mestu fram á Akureyri. Einnig vantar ýmsa hluti sem kenna má fámenninu (og kannski nálægð við Akureyri) um eins og það vantar heilsurækt, kaffihús og litla sjoppu. Einnig kom fram að upplýsingum til ferðamanna væri ábótavant og afþreyingu fyrir þá vantaði. Fleiri þættir voru nefndir eins og að vegna landleysis hefði landbúnaður í sveitarfélaginu ekki mikla vaxtarmöguleika og iðnaðarlóðir væru ekki á lausu. Fleira var nefnt eins og sjá má í upptalningunni hér að neðan:

- Stór veikleiki á Eyrinni er frárennslið. Sjávarborð hækkar sem kemur niður á hafnarmannvirkjum og frárennsli. Skólpið kemur upp úr niðurföllum í slæmum veðrum og sjávarstöðu. Hefur verið viðvarandi um langa hríð. Alvarlegt fyrir matvælaframleiðslu og almennt heilbrigði. Ljóst að fyrir liggur mikill kostnaður við að koma frárennsli í lag. Erfið staða fyrir sveitarfélagið
- Félagsstarf barna er lítið og mest sótt til Akureyrar. Fámennið takmarkar félagsstarf barna.
- Félags- og öldrunarþjónusta
- Vantar heilsurækt, kaffihús, litla sjoppu
- Vantar aðstöðu - afþreyingu fyrir ferðafólk. Vantar að vita hvað má og hvað ekki
- Hvert má labba? Hefur ekki farið fram umræða varðandi ferðafólk hvað má og hvað ekki? Vantar salernisaðstöðu. Fjallgirðing kannski skilin eftir opin því fólk veit ekki betur
- Aðgengi að sjónum er eftirsótt en er bara á Eyrinni
- Lóðir fyrir iðnaðarsvæði - samt til lóðir fyrir smærri iðnað. Ekki stórar lóðir.
- Einhæfur iðnaður
- Vantar fjölbreyttari stærðir af íbúðar- og iðnaðarhúsnæði
- Vantar undirlendi fyrir aukinn landbúnað
- Vantar markaðssetningu á nýja hverfinu
- Fjarlægð frá Akureyri

## Hvað gæti tapast við sameiningu ?

Hér lýstu þátttakendur helst áhyggjum af því að sameining kynni að fela í sér að skólahald hyrfi af Svalbarðseyri og jafnvel þjónusta eins og sundlaugin. Einnig komu fram áhyggjur um að ýmsir núverandi þættir er varða félags- og menningarlíf sveitarinnar myndu hverfa. Áhyggjum var einnig líst um að við myndum tilheyra jaðarsvæði og gætum glatað forræði.

Hér fylgja svo allir þættir sem skráðir voru:

- Lokun skóla, tónlistarskóla og leikskóla, sundlaugar
- Missum ákveðið vald á okkar málum - sbr. dæmið um Norðurþing
- Sveitarstjórnin gleymir jaðarsvæðum
- Hver verður upplifun íbúa? Verður Svalbarðsströnd og Svalbarðsströndungar áfram "kjarni" eða hverfur það. Náðin hverfur
- Snýst um skólann
- Félagsstarf innan sveitarinnar, þorablót
- Gjöldin gætu hækkað
- Nálægð við stjórnsýslu minnkar
- Snjómokstur erfiðari

## Hugsanleg tækifæri sem tengjast sameiningu

Þegar fólk var beðið um að nefna hvað gæti áunnist við sameiningu komu fram þættir eins og bætt þjónusta á vissum sviðum. Einnig var nefnt að sameinað sveitarfélag myndi frekar bjóða almenningssamgöngur og jafnvel betri líkur á bættri tengingu við Akureyri, t.d. með göngu- og hjólastíg. Sömuleiðis var nefnt að stærra sveitarfélag myndi hafa meira bolmagn til framkvæmda. Fleiri atriði voru nefnt en listinn yfir punktana fylgja hér að neðan.

- Meira bolmagn en spurning um forgangsroðun, þ.e. hverju hægt verður að ná fram
- Betri tenging við Akureyri með göngu- og hjólastíg - Ekki bara frá göngum heldur alla leið og út fyrir Svalbarðseyri
- Bætt félags- og öldrunarþjónusta
- Almenningsamgöngur
- Fasteignaverð gæti hækkað
- Meira fé til framkvæmda
- Aukið skólaval
- Betra utnumhald um stjórnsýslu - kostnaður dreifist, betri nýting á sérhæfðu starfsfólki





## Meiri upplýsingar fyrir næst fund

Á fundi sem þessum er mörgum spurningum ósvarað og fundarmenn voru beðnir um að koma fram með þau atriði sem þeim finnst þeir þurfa að fá upplýsingar um fyrir næsta fund Framtíðarnefndar. Helst var nefnt að fá að heyra reynslusögur úr sveitarfélögum sem hafa nú þegar sameinast og hver reynsla þeirra er af sameiningu. Hvað hefur gengið vel og hvað ber að varast? Einnig spyrja fundarmenn sig hversu áreiðanlegir samningar sem gerðir eru við sameiningu séu, standast þeir og hversu lengi? Fundarmenn óska eftir að fá greiningu á þörfum okkar sveitarfélags, hvað það er sem fólk vill halda í eftir sameiningu og hverjum er best að sameinast út frá því? Fleiri punkta má sjá hér að neðan:

- Er möguleiki að sameinast austur? Gamla Hálshrepp? Fengjum börn í skólann en dýr snjómokstur
- Fá upplýsingar frá öðrum (Hrísey, Grímsey, Skagafjörð, heimastjórnir f austan)
- Hversu bindandi samninga er hægt að gera við sameiningu?
- Greining á þörfum sveitarfélagsins og kostum við sameiningu?
- Hvernig er ferlið?

## Hver ættu næstu skref að vera?

Hér var velt upp spurningunni hver næstu skref ættu að vera í vinnu þessari um framtíð Svalbarðsstrandarhrepps. Nefnt var að gera þyrfti könnun um vilja íbúa varðandi sameiningu í næstu sveitarstjórnarkosningum eða jafnvel fyrr. Hægt væri að opna samráðsgátt fyrir íbúa sveitarfélagsins varðandi sameiningarmál og halda kynningarfund fljótlega þegar búið er að afla frekari upplýsinga. Kanna mætti afstöðu annarra sveitarfélaga í kringum okkur gagnvart sameiningu. Allir punktar sem komu fram eru eftirfarandi:

- Könnun samhliða næstu sveitarstjórnarkosningum um vilja íbúa
- Eða kanna fyrr, t.d. strax á þessu ári
- Er vitað um afstöðu annarra sveitarfélaga?
- Kynningarfundur með meiri upplýsingum
- Opna samráðsgátt fyrir íbúa

# Annað sem þú vilt koma á framfæri

Þegar fundarmenn voru beðnir um að nefna annað sem ekki hafði þegar komið fram nefndu þeir vilja fyrir því að haldinn yrði annar fundur fljótlega og að sveitarfélagið þyrfti að ná að tryggja stöðu sína í þessum sameiningarviðræðum sem útlit er fyrir að framundan séu samkvæmt lögum.

- Annan fund fljótlega
- Tryggja okkar stöðu í viðræðum